

# AKUR EYRAR VAKA 2019

RÖKKURRÓ • FJÖLSKYLDUFJÖR Í  
HÖLLINI • KVÖLDTÓNLEIKAR Í  
LISTASAFNINU • ÁST OG KVÍÐI Í  
SAMKOMUHÚSINU • TÓNLEIKAR  
UNGA FÓLKSINS • BRÚÐLEIKHÚS •  
VÍSINDASETUR • HÚNI II •  
STÓRTÓNLEIKAR Í LISTAGILINU •  
FRÍÐARVAKA OG MARGT FLEIRA



TIL AÐ SJÁ



TIL AÐ SMAKKA



TIL AÐ HEYRA



TIL AÐ NJÓTA SAMAN



TIL AÐ FANGA BARNIÐ  
Í OKKUR ÖLLUM



akureyrarvaka.is  
#akureyrarvaka





## LISTA GILID



10.00

**Halla Björk Reynisdóttir** forseti bæjarstjórnar ásamt börnum af leikskólunum **Tröllaborgum** og **Naustatjörn** flagga **Akureyrarvökufánanum** og syngja afmælistönginn í tilefni 157 ára afmælis Akureyrarbæjar.



## MJÓLKURBÚÐIN



14.00 - 17.00

Listamennirnir **Karl Guðmundsson** og **Rósa Kristín Júlíusdóttir** opna sýninguna **Samleikur**. Verk þeirra beggja og brot úr vídeóportretti **Örnu G. Valsdóttur** um samspil Kalla og Rósu. *Sýningin er einnig opin laugardag kl. 13-22 og sunnudag kl. 13-17.*

## GILFÉLAGID - DEIGLAN



16.00 - 22.00



Hópurinn **Gellur sem mála í bílskúr** opnar þemasýninguna **Börn náttúrunnar** og bjóða upp á kaffi og kruðurí. *Sýningin er einnig opin laugardag kl. 14-22.*




## FLÓRA - HAFNARSTRÆTI 90



17.00 - 17.20

**Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir** og **Mathurin Matharel** flytja verkið **Tónjurtir handa Akureyri**. Þau semja og fremja tóna, ljóð og hugsanlega fleira. Þau koma fram með selló við hönd og jafnvel fleira.



## IÐNAÐARSAFNIÐ Á AKUREYRI



17.00 - 18.00

Sýnd verður heimildarmyndin **Iðnaður á Akureyri** frá 1982-1983. *Enginn aðgangseyrir eftir klukkan 16.*



**CAFÉ LAUT**  
21.30 - 22.00

**Þorsteinn Kári** flytur ljúf lög af fyrstu breiðskífu sinni **Eyland** ásamt glænýju **frumsömdu efni**. Hlýtt og notalegt á Café Laut.







## SAM KOMU HÚSIÐ

17.00 - 18.00



**Leikfélag unga fólksins** flytur verk um þær margslungnu hindranir og áskoranir sem móta sjálfsmynd unglingsáranna eins og t.d. einelti, vináttu, **ást, kvíða**, líkamsímynd, kynvitund, samfélagsmiðla og almenn samskipti við jafningja sem og fullorðna.

Sýningin er ætluð **ungu fólki** á aldrinum 10-16 ára. **Aðgangseyrir 3.500 kr. en frítt fyrir 16 ára og yngri. Nánari upplýsingar um sölu og bókanir frímiða á [mak.is](http://mak.is).**

Aðalstyrktaraðili: 




## KAKTUS - STRANDGATA 11B



18.00

**Gallerý Port** opnar sýningu í Kaktus og gestagangur ræður lokun. Á sama tíma afhjúpa listamennirnir í **KROT&KRASS** nýtt **veggverk** á Strandgötu 17. **Festivalsstemning**, hamborgarar í boði DJ Grill, lifandi tónlist og plötusnúðar.



## MENNTA SKÓLINN Á AKUREYRI

19.00 - 19.45



**Klókur ertu Einar Áskell**

**Bernd Ogronnik** er mættur aftur. Við fylgjumst með degi í lífi feðganna Einars Áskels og þabba hans, þar sem daglegt líf fær á sig **ljóma ævintýris**, eins og tilvera okkar allra getur gert í einu vetfangi, ef við opnum fyrir leikinn, sköpunina og ímyndunaraflid.



Einar Áskell

Aðalstyrktaraðilar:



## GRÆNI HATTURINN



22.00

Tónleikar með **Helga Björns**. *Aðgangseyrir.*



LYSTI  
GARÐ  
URINN

20.00 - 21.30



Rökkurró í Lystigarðinum

Setning Akureyrarvöku fer fram í Lystigarðinum og mun garðurinn iða af lífi. **Daníel Andri** tekur á móti gestum með léttum gítarleik, **Halla Björk** forseti bæjarstjórnar setur hátíðina og **Hilda Jana** bæjarfulltrúi fer yfir dagskrána.



Á förnun vegi -  
Street Photography  
Ljósmyndasýning **ÁLFkvenna**  
verður í LYSTIGARÐINUM  
alla helgina.

**Einar Óli, Karlaþór Akureyrar - Geysir, Ari Orra** ásamt hljómsveit og **Gospelraddir Akureyrar** verða með tónlistaratriði. Ljósmynda- og verkfærasýningin **Einu sinni var, Stefán Bogi** flytur ljóð, **Katrín Birna** dansari sýnir sóló spunaverk og til sýnis verða skemmtilegar **mannlífsmyndir frá Akureyri** í gegnum árin.

21.00 - 23.00

Fjölskyldufjör í höllinni

**Húlladúllan** skapar sirkusstemningu, leikur listir sínar og býður gestum að spreyta sig á sirkuslistum. Þegar líður á kvöldið tekur Húlladúllan fram **litrík LED leikföng** og ef veður leyfir endar hún kvöldið á því að leika listir með eld utandyra. **Skautafélag Akureyrar** sér um **andlitsmálningu**, **Dancestudíó Alice** bregður á leik og uppistandarinn **Egill Bjarni** slær á léttu strengi.



ÍPRÓTTA  
HÖLLIN



LISTASAFNIÐ Á  
AKUREYRI  
22.30 - 23.00

Aðalstyrktaraðilar:

**Högni Egilsson** og **Sinfonia Nord Kvartett** flytja verkið **Strengjakvartett Nr. 1 Opus 1. Tveir Svanir**. Verkið er fyrir strengi og rödd. „*Bréf berst úr heimi heima og segir sögu ástar tveggja svana.*“







## HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

### Tímabundnar lokanir 30. ágúst - 1. september

Frá klukkan 16 föstudaginn 30. ágúst verður Listagilið lokað vegna uppsetningar sviðsvagns sem verður neðst í götunni og lokast þar með einnig göngugatan. Sviðsvagninn verður fjarlægður aðfaranótt sunnudagsins 1. september og opnast þessar leiðir kl. 10 um morguninn.

Athygli er vakin á að samkvæmt 12. grein samþykktar Akureyrarbæjar um hundahald er **óheimilt að fara með hunda** á samkomur eins og Akureyrarvöku.

**Umferð dróna er bönnuð** nema með leyfi hátíðarhaldara og flugturns Akureyrarflugvallar.

**Bílastæði** eru m.a. við:

- Menningarhúsið Hof
- Ráðhúsið
- Skipagötu
- Hofsbót
- Austurbrú



**Salerni** er að finna:

- Menningarhúsið Hof  
*aðgengi fyrir fatlaða*
- Bílastæði við Skipagötu  
*aðgengi fyrir fatlaða*
- Listasafnið á Akureyri  
*aðgengi fyrir fatlaða*

**Hönnun og umbrot: MORO / [www.moro.is](http://www.moro.is) - KKATLA**

Dagskráin er birt með fyrirvara um breytingar. Sjá nánari dagskrá á [akureyrarvaka.is](http://akureyrarvaka.is)

## MÁTTARSTÓLPAR AKUREYRARVÖKU



Myndlistarfélagið - Gilfélagið - Iðnaðarsafnið á Akureyri - Íþróttahöllin á Akureyri - Minjasafnið á Akureyri - Amtsbókasafnið á Akureyri - Bílaleiga Akureyrar - Kaktus - Bílálúbbur Akureyrar - Lystigarður Akureyrar - Mjólkursamsalan - Penninn Eymundsson

Þúsund þakkir til ykkar og allra hinna sem leggja hönd á plóg  
Almar Alfreðsson & Edda Borg Stefánsdóttir  
AKUREYRARSTOFA



# SUND LAUG AKUR EYRAR

11.00 - 14.00

**Sundlaugarfjórið** hefst kl. 11.00 þar sem fram koma hljómsveitirnar **Plútó** og **Gulu plastpokarnir**, **Steps Dancecenter**, tónlistarmaðurinn **Sindri Thorsen**, **DJ Glódís** og aldrei að vita nema íspinnar verði í boði fyrir hressa gesti. **Aðgangseyrir í sundlaug.**



## MINJASAFNIÐ, NONNAHÚS OG IÐNADARSAFNIÐ



10.00 - 17.00

Í tilefni Akureyrarvöku verður **ókeypis aðgangur** á þessi flottu söfn bæjarins. **Tilvalið að kíkja við.**

## TORFUNESBRYGGJA



11.00 - 12.00

**Sagan séð frá sjó.** Sigling með **Húna II**, meðfram ströndinni frá Höphner að Krossanesi. Allir velkomnir.

## KLETTATÚN 13



11.00 - 12.00

**Ásdís Arnardóttir** sellóleikari og **Helga Kvam** píanóleikari verða með **opna æfingu** á Suzukisellóbókum 6 og 7. Heitt á könnunni og hindber úr garðinum.

## BOGASKYTTAN - AUSTURSÍÐA 2



11.00 - 16.00

**Miðstöð bogfimi** á Akureyri býður öllum, ungum sem öldnum, byrjendum og lengra komnum, að **prófa bogfimi** og kynnst þessari ævintýralegu íþrótt.



## LEIKFANGAHÚSIÐ



12.00 - 17.00

**Leikföng Íslendinga** í gegnum tíðina til sýnis. *Enginn aðgangseyrir* í tilefni dagsins og allir hjartanlega velkomnir.



## PORTIÐ Á GÖTUBARNUM



12.00 - 18.00

**Soroptimistaklúbbur Akureyrar** stendur fyrir **skómessu**. Alls konar fínir skór og fylgihlutir til sölu til styrktar Grænlandsverkefni klúbbsins.

## VID RUB23



13.00



**Matur er mannsins megin.** Bautinn, RUB23, Sushi Corner og Pizzasmiðjan bjóða upp á margs konar **girnilegt smakk** fyrir gesti og gangandi.



## AÐALSTRÆTI 6 - BAKGARÐUR



13.00

**Flóamarkaður Lionsklúbbsins Ylfu.** Glermunir, fatnaður, bækur og fleira. Allur ágóði rennur til líknarsjóðs klúbbsins. Heitt á könnunni.

## HAFNARSTRÆTI 90



13.00 - 17.00

**Jónína Björg Helgadóttir** myndlistarmaður vinnur að nýrri sýningu. Hún verður með **opna vinnustofu** og heitt á könnunni fyrir gesti og gangandi.

### GÖNGUGATA

Lífleg **markaðsstemning** í göngugötunni kl. 13.

Skráning í netfanginu [akureyrarvaka@akureyri.is](mailto:akureyrarvaka@akureyri.is).







## VÍSINDA SETRID Í HOFI

13.00 - 16.00

**Vísindafræðsla með Stjörnu-Sævari.** Hvað getum við öll gert til að hugsa vel um bestu plánetuna í sólkerfinu? Sævar Helgi Bragason gerir skemmtilegar og einfaldar vísindatilraunir og segir frá í máli og myndum. **Tvær sýningar kl. 13.30 & 15.30.**

**Óði efnafræðingurinn Sean Scully** kynnir vísindi sprenjugaldra og froðutöfra, svo eitthvað sé nefnt. **Ein sýning kl. 14.30.**

**Sápukúlusýning Íslands** mætir í Hof með litlar kúlur, stórar kúlur, langar kúlur, kúlu innan í kúlu og fleira! Komdu að bubbla með fagmönnum.

**Einnig alls kyns tækni og vísindi:** Spannandi þrívíddarlíkön, tunglsteinn og aðrir geimsteinar, tækni fortíðar, hinar földu lagnir Akureyrar, slímug rannsóknarstofa, töfrar orku og boðleiða, sólarljósnauki, þrívíddarprentarar, heimildarmynd og margt fleira.

**Þátttakendur í ár eru:** EFLA verkfræðistofa, Raftákn, Menningarfélag Akureyrar, Norðurorka, Háskólinn á Akureyri, Fab Lab Akureyri, Iðnaðarsafnið á Akureyri, Sápukúlusýning Íslands og Könnunarsögusafnið.

Aðalstyrktaraðilar:



### ÓSEYRI 2



13.00 - 16.00

Alþjóðleg **Frímúrararegla karla og kvenna**, Le Droit Humain, býður gestum og gangandi að **skoða húsakynni** reglunnar. Einnig verður hægt að kynna sér **stefnu og markmið** reglunnar sem byggð eru á jafnréttisgrundvelli. Kaffi og konfekt í boði.

### LISTAGILID



13.00 - 17.00



Hversu mörgum fornbílum er hægt að koma fyrir í Listagilinu? **Fornbíladeild BA** gerir tilraun til að slá 42 bíla metið frá því í fyrra og mætir með **glæsikerrum** og **úrvals járka**.

### SJOPPAN VÖRUHÚS



13.00 - 22.00

Frumnýning á **Jóni í Akureyrarvökulit** og flott tilboð á völdum vörum.



LISTA  
GILIÐ

13.00 - 14.00

**Tónleikar unga fólksins.** Ungt og efnilegt tónlistarfólk úr heimabyggð flytur upplifgandi og fjölbreytta músík á stóra sviðinu í Listagilinu. Hljómsveit á sviði skipa **Hafsteinn Davíðs, Jóhann Þór, Þórhildur Hólmgeirs** og **Pétur Smári**. Fram koma söngvararnir **Gunnhildur Lilja, Selma Rut, Ari Orra, Rebekka Hvönn** og **Særún Elma**.

## FRÍMÚRARAHÚSIÐ



13.00 - 16.00

**Frímúrarabræður** með **opið hús** og verða til svars um starfsemi reglunnar, ásamt því að sýna **húsakynni** og **minjasafn stúkanna** á Akureyri. Léttar veitingar í boði.

## IÐNAÐARSAFNIÐ



13.00 - 17.00

**Markaðsstemning**, skottssalar velkomnir. Einnig hægt að vera með söluborð úti ef veður leyfir. *Skráning í netfanginu [gajt@simnet.is](mailto:gajt@simnet.is).*

## DAVÍÐSHÚS



14.00 - 16.00

Skemmtilegar og fróðlegar **leiðsagnir um hús skáldsins** Davíðs Stefánssonar. Leiðsagnir hefjast á heila tímanum. *Enginn aðgangseyrir* í tilefni dagsins.

## AMTSBÓKASAFNIÐ



14.00 - 16.00

**Teboð brjálaða Hattarans.** Te og heimabakaðar skonskur fyrir fullorðna, **kaka, safi og hattagerð** fyrir börnin. Frjáls framlög fara til samtaka Geðverndar.



## AMTSBÓKASAFNIÐ



14.00 - 16.00

Opnun myndlistarsýningarinnar **Beauty and The Beast** eftir franska listamanninn **Michel Santacrocce**. *Sýningin stendur út september.*

## HAMARKOTSTÚN



14.00 - 16.00

Pizzasmiðjumót **Frisbíggólfélags Akureyrar**. Farnir verða tveir 9 holu hringir og keppt í 3 flokkum: Karla, kvenna og undir 16 ára. **Flott verðlaun í boði** í hverjum flokki frá **Pizzasmiðjunni** og **Sundlaug Akureyrar**. *Engin skráning nauðsynleg og diskar til leigu á staðnum, enginn posi.*



## LISTAGILIÐ



14.00 - 17.00

Opnar vinnustofur og tjaldsmiðjan **Dýrin okkar** í **RÖSK RÝMI**.

## ZONTAHÚSIÐ



14.00 - 18.00

Glæsilegur **kjólamarkaður** og **kaffihús** að hætti **Zontaklúbbs Akureyrar** í tilefni af 70 ára afmæli klúbbsins. Zontahreyfingin styður konur á heimsvísu og berst fyrir réttindum þeirra. Ágóðinn rennur til þess málefns.





## LISTA SAFNIÐ Á AKUREYRI



10.00 - 22.00

Í tilefni dagsins er *enginn aðgangseyrir*.  
Tvær opnanir kl. 15. **Faðmar / Fathom**  
eftir **Hrafnhildi Arnardóttur/Shoplifter**  
og **Turnar / Towers** eftir **Eirík**  
**Arnar Magnússon**.

Einnig verður  
listamannspjall  
með Hrafnhildi á  
sunnudag  
kl. 15.



### EYMUÐSSON



15.00 - 17.00

**Skandalaskáldin**, meðlimir í ritstjórn  
(and)menningarritsins **Skandala**, verða  
með **Ljóðaupplestur**.

### RÁÐHÚSTORG



15.00 - 18.00

**Skátafélagið Klakkur** býður upp á líf  
og fjör. Hægt verður að **grilla**  
**sykurpúða**, poppa, blása sápukúlur,  
tefla á risatafli og margt fleira.



### NAUSTABORGIR

16.00



**Anna Richardsdóttir** fremur undir berum himni þriðja  
og síðasta gjörninginn í trilógiinni **HEIMA**. Hún  
fjallar þar um rætur sínar á Íslandi, fæðingu, líf og  
hvernig hún gerir ráð fyrir að bera bein sín hér í  
norðrinu. **Leiðin verður merkt frá bilastæðinu vestast**  
**í Ljómatúni**.

### RÁÐHÚSTORG



16.00 - 17.30

Komdu í **sögugöngu** um ytri Akureyri. **Arnór Bliki**  
**Hallmundsson** leiðir skemmtilega húsasögugöngu  
um hluta **Miðbæjar** og **neðri Brekku**. Gangan hefst  
við Ráðhústorgið.

### LISTAGILIÐ



19.30 - 20.45

Plötusnúðurinn **Arnar Ari Lúðvíkson**, betur þekktur  
sem **DJ Vélarnar**, mætir með **vínylplötusafnið** sitt og  
þeytir skífum eins og honum einum er lagið.

### LISTAGILIÐ



20.00 - 22.00

**Kósi kvöldopnun** í vinnustofum **RÖSK RÝMIS**.



HLAÐAN  
LITLI GARÐUR  
18:00

Aðalstyrktaraðili:



Sviðslistaverkið **Kara kínokkúla og hvíti drekkinn**  
eftir **Heklu Björt** og **Fanneyju Kristjáns**. Tvær  
ókunnugar konur lenda á sama bátnum í óveðri  
en ferðalagið heim dregur fortíð þeirra beggja  
um borð og reynist þeim erfiður róður.  
**Takmarkað sætaframboð.**



**STÓR  
TÓNLEIKAR  
Í LISTAGILINU  
21.00 - 22.30**



**FRÍÐRIK DÓR - BRÍET  
HELGI BJÖRNS - EIK HARALDS  
EYPÓR INGI**

Gestgjafi kvöldsins, hljómsveitin **VAÐLAHEIÐIN**, lofar frábærum tónleikum með þessu einvala liði tónlistarfólks. Einnig mun vídeólistamaðurinn **Tálsýn** skreyta nærliggjandi byggingar með litríkum og lifandi verkum með aðstoð **Exton**. Einstök upplifun sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara.

Kynnir kvöldsins er **Sesselía Ólafsdóttir**.

Húsbandið **VAÐLAHEIÐINA** skipa Valur Freyr Halldórsson, Summi Hvanndal, Kristján Edelstein, Arnar Tryggvason og Valmar Völjaots.

Aðalstyrktaraðilar:



Tónleikarnir eru unnir í samstarfi við **EXTON**



**KIRKJUTRÖPPUR**



21.00 - 23.30



**FRÍÐARVAKA.** Kerti verða tendruð í Kirkjutröppunum. **Slysavarnadeildin á Akureyri** selur friðarkerti til styrktar tækjakaupum fyrir **Björgunarsveitina Súgur**. Kertið kostar **1.000 kr.** og verða þau seld á setningu Akureyrarvöku í Lystigarðinum og frá kl. 13 í miðbænum. Taktu þátt í friðarvökunni og **leggðu þitt af mörkum.**

**TORFUNESBRYGGJA**



22.45 - 24.00

**Kvöldsigling með Húna II** um Pollinn. Fyrir brottför syngur **Kvennakór Akureyrar** fyrir gesti.



Dagskráin er birt með fyrirvara um breytingar. Sjá nánari dagskrá á [akureyrarvaka.is](http://akureyrarvaka.is)

**GRÆNI HATTURINN**



23.00

Tónleikar með **Helga Björns**. *Aðgangseyrir.*